

RAFORKUMALASTJÖRI.

XII

B2M-91

1 hillu  
12

ORKUSTOFNUN  
MÁLASAFN  
442.4 / *[Signature]*

UM RAFVEITU AUSTURLANDS.

3. MARZ 1954  
JAKOB GÍSLASON.

3. marz 1954.

S.3. J.G.

Varðandi Rafveitu Austurlands.

Svo sem hinu háa ráðuneyti er kunnugt, hefur nú í nokkra mánuði, eftir að núverandi ríkisstjórn var mynduð, verið unnið að því að ganga frá endanlegum tillögum um lausn rafveitumála Austurlands og þó sérstaklega þess hluta Austurlands, sem talið yrði, að sameinast gæti um eitt aðalorkuver og aðalorkuveitu út frá því.

Umfangsmiklar rannsóknir, mælingar og áætlanir höfðu farið fram um margra ára skeið bæði á vegum ríkisins og fyrir tilstilli einstakra sveitarfélaga í Austfirðingafjórðungi. Nú í vetur hafa sumar þessar áætlanir verið endurskoðaðar, áætlanir gerðar um fleiri tilhaganir og mismunandi stærðir orkuvera, ýmsar línuleiðir ofl. Afl og orkuþörf landshlutans hefur verið nánar rannsökuð og athugaðar líkur fyrir vexti raforkunotkunar í nánustu framtíð.

Eg mun í þessu bréfi leitast við að gera í stuttu máli grein fyrir athugunum þessum og rannsóknum, en bréfinu fylgir nánari skýrsla, sem óhjákvæmilega hefur orðið æði umfangsmikil.

Í lok þessa bréfs set ég síðan fram tillögu um það, í hvaða framkvæmdir skuli ráðist, en tillagan er í stuttu máli þessi:

⊕ Virkjaður verði Grímsárfoss í 2400 kw (3500 hð) orkuveri og lögð 30000 volta lína þaðan til Egilsstaða; þaðan um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar og um Eskifjarðarheiði til Eskifjarðar og áfram um Oddsskarð til Neskaup-

staðar, en um Hólmaháls til Reyðarfjarðar og áfram um Stuðlaheiði til Búðakauptúns. Aðalspennistöðvar verði reistar við hvern kaupstað og kauptún fyrir þau og umhverfi þeirra og á Egilsstöðum fyrir Héraðið. Áætlunarverð virkjunar og þessarar aðalorkuveitu: kr. 29.000.000,-.

Greinagerð þeirri, sem hér fer á eftir er skipt í kafla þannig:

- I. Orkuveitusvæði rafveitu Austurlands.
- II. Mannfjöldi á orkuveitusvæðinu.
- III. Orku- og aflþörf.
- IV. Um stærð orkuvera, sem fyrir eru.
- V. Um stærð vatnsaflsvirkjunar handa rafveitu Austurlands.
- VI. Virkjunarskilyrði. Virkjunarstaðir.
- VII. Áætlanir um virkjanir í Fjarðará, Grímsá og Lagarfljóti.
- VIII. Vatnsmagn og virkjunarstærð.
- IX. Nánar um virkjunarstærð.
- X. Virkjun Lagarfoss.
- XI. Um notkun rafmagns til háshitunar.
- XII. Aðalorkuveita.
- XIII. Rekstrarbryggi virkjananna á veturnum.
- XIV. Tillaga um virkjun.
- XV. Rekstraráætlanir.
- XVI. Samanburður við aðrar rafveitur.

### I. Orkuveitusvæði rafveitu Austurlands.

Niðurstöður athugunar eru þær, að orkuveitusvæði vantanlegrar rafveitu Austurlands frá einu sameiginlegu orkuveri verði að takmarkast við kaupstaðina og kauptúnin: Seyðisfjörð, Neskaupstað, Eskifjörð, Búðareyri, Búðir í Fáskrúðsfirði og Egilsstaðapörp og við nokkra sveitabyggð í nánunda við þessa staði.

Á Héraði er svæðið nánar tiltekið: Eiðahreppur framan Eiða og Gilsárteigs að þeim bæjum báðum meðtöldum; Egilsstaða- hreppur allur og Vallahreppur utan Hallormsstaða að Hallorms- stöðum meðtöldum. Í Skriðdalshreppi er aðeins um einn bæ, Stóra-Sandfell, að ræða, en í Fellahreppi kynnu fáeinir bæir norðan Lagarfljóts að koma með á veituna.

Teikning Fnr. 2077 gefur nokkurt yfirlit yfir orkuveitu- svæðið.

## II. Mannfjöldi orkuveitusvæðis.

Á síðustu 20 árum hefur íbúum á orkuveitusvæðinu fækkað fremur en hitt. Í áætlunum þessum er reiknað með þeim mann- fjölda, sem var á svæðinu í árslok 1952 eftir því sem næst verður komist og reiknast þá íbúatalan þannig:

Kaupstaðir og kauptún	3840 íbúar
Egilsstaðarorp og Eiðar ca.	160 "
Sveitir ca.	<u>700 "</u>
Alls	<u>4700 íbúar</u>

## III. Orku- og aflþörf.

Í áætlun um orku- og aflþörf orkuveitusvæðisins er gerður greinarmunur á "forgangsorku" og "afgangsorku".

Til forgangsorku telst raforka til: a) "almennrar notkun- ar", þ.e. almennrar heimilisnotkuhar, lýsingar í atvinnurekstri og gætu lýsingar, b) frystihúsa, c) fiskimjölsvinnslu og d) til smáíðnaðar. Forgangsorkuþörfin og þátttaka hennar í mesta álagi, hvort tveggja reiknað í orkuveri, telst þessi:

var talin þessi í ársbygjun 1954:

	Orkuþörf 10 <sup>6</sup> kwst.	Þátttaka í mesta álagi kw
Almenn notkun	4,50	1650
Frystihús		
a) frysting og smávélar	0,80	600
b) viðhald	0,87	0
Fiskimjólsmiðjur	0,25	150
Annað	0,18	0
	<u>Samtals 6,60</u>	<u>2400</u>

Til "afgangssorku" telst ~~hér~~ margs konar orkunotkun, en um hana alla gildir það, að ætlast er til, að hún falli utan tíma mesta álags og verði ekki til þess að hækka það. Til afgangssorkunotkunar er húshítun talin, en vitnalegt er þó, að með afgangssorku ("utantopporku") er ekki hægt að fullnægja nema örlitla broti af hitunarþörfinni. ]

Hér skal sett fram mjög lausleg áætlun um orkuþörf á orkuveitusvæðinu til ýmsrar þeirrar notkunar, sem þar myndi verða flokkuð undir afgangssorku:

☒ 1. Húshítun	23.000.000 kwst
2. Vatnshítun	5.000.000 "
3. Sundlaugar (í 6 mán.)	1.000.000 "
4. Súgþurrkun	400.000 "
5. Síldarverksmiðjur (sumarn.)	300.000 "
6. Bökun í brauðgerðarhúsum	200.000 "
7. Málmerzla ofl.	<u>100.000 "</u>
	30.000.000 kwst
Flutnings- og dreifitap	<u>5.000.000 "</u>
Samtals	<u>35.000.000 kwst</u>

Sjálfsgagt virðist að ætla rafveitu Austurlands að fullnægja þeirri orkuþörf, sem talin er undir 3.-7. tölulíð.

Um húshitun og vatnshitun gildir öðru máli og verður vikið að því síðar.

#### IV. Um stærð orkuvera, sem fyrir eru.

Nú eru fyrir á orkuveitusvæðinu þrjár vatnsaflsrafstöðvar og fimm dísilrafstöðvar. Afl þeirra eða afkastageta í kw. er sem hér segir:

Vatnsafl:	Seyðisfjörður	150 kw	
	Búðareyri	190 "	
	Eiðar, skólinn	<u>40 "</u>	380 kw
Dísilafll:	Neskaupstaður	600 kw	
	Eskifjörður	100 "	
	Búðir í Fáskrúðsf.	200 "	
	Egilsstaðir	70 "	
	Eiðar, endurv.st.	<u>80 "</u>	<u>1050 kw</u>
	Samtals	1430 kw	
		<del>1180 kw</del>	

Auk þessa eru smárafstöðvar í frystihúsum og öðrum einkafyrirtækjum, en þær verða ekki taldar upp hér.

Af þessum stöðvum getur komið til mála að nýta áfram, þótt samvirkjun komist á, vatnsaflsstöðvarnar á Búðareyri og Eiðum og dísilstöðvar á Neskaupstað og Búðum og auk þess Seyðisfjarðar stöðina, ef virkjað er annars staðar en í Fjarðará. Til ráðstöfunar er þá af afli, sem fyrir er: vatnsafl 230-380 kw og dísilafll 800 kw, samtals 1030-1180 kw, eða um það bil 1000 kw.

#### V. Um stærð vatnsaflsvirkjunar handa rafveitu Austurlands.

Þegar á að fara að ákveða stærð orkuvers rafveitu Austurlands, er að sjálfsögðu stuðzt við áætlun þá um afl og orkuþörf, sem getið er hér að framan. En í því sambandi koma ýms

atriði til athugunar, svo sem t.d. þessi:

a) Vatnsaflsstöðin í Búðará í Reyðarfirði er að telja má nægileg fyrir Búðareyri. Hún er nýleg og í góðu standi. Rafmagn frá henni er selt ódýrt og notað til húshitunar að töluverðu leyti. Rafveita Austurlands mun ekki geta selt rafmagn við svo vægu verði og ekki til húshitunar sem neinu verulegu nemur. Að þessu athuguðu virðist skynsamlegast að gera ráð fyrir því, að Búðareyrarkauptún verði fyrst um sinn utan rafveitu Austfjarða og njóti síns vatnsorkuvers út af fyrir sig.

Vatnsaflsstöð Eiðaskóla er einnig nýleg, í góðu standi og mjög ódýr í rekstri. Það mun mega telja, að hún nægi skól- anum. Mælir einnig margt með því, að skólinn verði því fyrst um sinn utan rafveitu Austfjarða og njóti áfram vatnsaflsstöð- var sinnar fyrir sig.

b) Enda þótt orkuveita til Búðakauptúns í Fáskrúðsfirði verði tiltölulega kostnaðarsöm miðað við stærð kaupúnsins, þykir rétt að ganga út frá því, að sú veita verði gerð, vegna þess, að ekki hafa fundist í Fáskrúðsfirði nothæfir virkjunar- staðir, er fullnægt gætu raforkuþörf kaupúnsins.

c) Óhjákvæmilegt verður að telja að hafa varastöð eða vara- stöðvar í veitunni, vegna hinna ótryggu fjallvega, sem hún ligg- ur um. Fyrir kostnaðarsakir verður þó að takmarka tælu og stærð þeirra svo sem fært þykir.

Sjálfsgagt er að nota dísilrafstöðina í Neskaupstað sem varastöð, hafa hana í fullkomnu standi og alltaf reiðubúna til vinnslu fyrirvaralaust. Afl hennar með þeim vélum, sem þar eru nú, mun mega telja 600 kw, svo sem áður er getið, en til athug- unar kemur að auka það nokkuð og verður vikið að því síðar.

Þá er og heppilegt að láta dísilrafstæðina í Búðakaup-  
tuni standa áfram sem varastæð á suðurenda veitunnar. Sem  
varastæð á hún að geta látið í té 240 kw um stundarsakir.

Sjálfsgagt virðist hinsvegar að leggja niður rafstæð  
Eskifjarðar, en láta stæðvarnar í Neskaupstað og Búðakaup-  
túni og vatnsaflsstæð Búðareyrar, þegar hún verður tengd við,  
sem síðar yrði, nægja sem varastæð var fyrir Norðfjörð, Eski-  
fjörð, Reyðarfjörð og Fáskrúðsfjörð.

Verði Fjarðará virkjuð, þarf ekki varastæð í Seyðisfirði,  
en ella má reikna Fjarðarárstæðina sem varastæð fyrir Seyðis-  
fjörð, meðan henni verður haldið við, en síðar yrði að leysa  
varastæðvarmál kaupstaðarins á annan hátt.

Á Eiðum væri rétt að láta dísilrafstæðina standa sem vara-  
stæð fyrst um sinn að minnsta kosti, og myndi hún þá geta orðið  
að gagni fyrir Egilsstaði einnig, en dísilstæðin, sem þar er,  
yrði lögð niður og vélar fluttar burt.

d) Fiskfrysting að meðtöldum rekstri smávéla í frystihús-  
um og fiskimjölsviansla, eru mjög aflfrek að tiltölu við orku-  
notkun. Eins og að framan getur er afþörfin til þessa hvort  
tveggja áætluð 750 kw á orkuveitusvæðinu, en orkuþörfin 1,05  
millj. kwst í orkuveri. Nýtingartími aflsins er því aðeins  
1260 klst á ári. Ef um dýra vatnsaflsvirkjun er að ræða,  
hlýtur að koma til álita, hvort það svarar kostnaði að virkja  
vatnsafl fyrir fiskfrystinguna í stað þess að knýja frystivél-  
arnar með dísilmotorum meðan verið er að frysta. Um "viðhald"  
í frystihúsum gildir öðru máli. Það er vel til þess fallið  
að nota til þess rafmagn frá rafveitunni. Væri nú svo frá mál-  
unum gengið, að sjálf fiskfrystingin kæmi ekki inn á rafveit-  
una á tíma mesta álags einkum á vetrum, þegar önnur notkun er



er sem mest, lækkar við þá ráðstöfun aflþörf rafveitunnar úr 2400 í 1650 kw.

e) Nokkuð af hinni áætluðu afl- og orkuþörf er til frystá- húsa og annara fyrirtækja, sem að vísu eru fyrirhuguð, en enn ekki byrjað að reisa. Um 15% af væntanlegum rafmagnsnotendum búa í sveitum, sem nokkurn tíma tekur að leggja veitur um og Búðareyri og Eiðaskóli hafa rafstöðvar, sem nægja þeim í bili. Aukning rafmagnsnotkunar almennt tekur alltaf sinn tíma. Það verður því að reikna með því, að rafafli- notkunin komist ekki upp í fulla áætlaða aflþörf, 2400 kw, fyrr en nokkuð er liðið frá því væntanlegt vatnsorkuver tekur til starfa.

Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið fram tekið, má fullyrða, að rafveita Austurlands gæti um skeið komist af með viðbótar vatnsorkuver af takmarkaðri stærð allt niður í um það bil 1000 kw.

Á hinn bóginn verður ekki séð, að rafveita Austurlands muni um langt skeið þurfa á stærra orkuveri en 2500 kw að halda, enda þótt sé kostur yrði tekinn að hætta rekstri þeirra rafstöðva, sem nú eru á svæðinu, nema sem varastöðva, nema lagt sé út í það að virkja beinlínis til húshitunar, en að þeim möguleika mun vikið nánar síðar.

## VI. Virkjunarskiðyrði - Virkjunarstaðir.

Athuganir á virkjunarskiðyrðum á Austurlandi hafa farið fram um margra ára skeið, bæði vatnsrennslismælingar og nánari virkjunarathuganir. Flest allar ár á Austurlandi eru dragár og því þeim annmörkum bundið að virkja þær til raforkuvinnslu, sem þeim ám fylgir. Eru þær venjulega til muna erfiðari við-

fangs en lindár eins og Sogið og Laxá.

Niðurstaða athugananna er sú, að ekki eru taldar koma til greina til virkjunar í 1000-2400 kilówatta orkuveri handa rafveitu Austurlands, nema tvær ár: Fjarðará í Seyðisfirði og Grímsá.

Um Lagarfossvirkjun er það að segja í þessu sambandi, að virkjun undir 10000 kw á þeim stað hefur jafnan verið talin verða tiltölulega dýr, vegna þess hve kostnaðarsöm stífla í Lagarfljóti hlyti að verða. Nú hefur Sigurður Thoroddsen, verkfræðingur, tekið til athugunar möguleika þess að notfara sér sérstaka staðhætti við fossinn til þess að komast hjá því að gera steypa stíflu í fljótið. Að hans álit getur þá orðið um 3500 kilówatta virkjun að ræða og hefur áætlun hans um slíka virkjun verið tekin til samanburðar við áætlanir um virkjun í Fjarðará og Grímsá.

#### VII. Áætlanir um virkjanir í Fjarðará, Grímsá og Lagarfljóti.

Í eftirfarandi 1. töflu er sýnt yfirlit yfir áætlaðan stofnkostnað mismunandi aflmikilla virkjana í Fjarðará, Grímsá og Lagarfljóti. Í 2. töflu er tilsvarendi heildarkostnaður af virkjun og aðalorkuveitu sýndur. Í töflunum sést einnig hver stofnkostnaðurinn verður á hverja afleiðingu kr/kw í hverju tilfalli.

1. tafla: Yfirlit yfir áætlaðan stofnkostnað mismunandi aflmikilla virkjana í Fjarðará, Grímsá og Lagarfljóti

STOFNKOSTNAÐUR ORKUVERSÁNVÆITU									
AFL		FJARÐARÁRVIRKJUN		GRÍMSÁRVIRKJUN		LAGARFLJÓTI		LAGARF.VIRKJUN	
kv	Miðlun $5 \cdot 10^6 m^3$	Miðlun $2 \cdot 10^6 m^3$	Miðlun $7 \cdot 10^6 m^3$	Miðlun engin	kr/kv	$10^6$ kr	kr/kv	$10^6$ kr	kr/kv
	$10^6$ kr	$10^6$ kr	$10^6$ kr		kr/kv	$10^6$ kr	kr/kv	$10^6$ kr	kr/kv
3500	28,95	25,25	25,20	22,40	7200	22,40	6400	24,0	6860
2400	25,10	21,40	20,65	17,90	8600	17,90	7460		
2000	23,70	20,00	18,95	16,20	9480	16,20	8100		
1650	22,40	18,70	17,50	14,75	10600	14,75	8930		
1350	21,40	17,70	16,30	13,50	12080	13,50	10000		
1050	20,30	16,60	15800						
1000			14,80	12,05	14800	12,05	12050		

2. tafla: Yfirlit yfir áætlaðan heildarkostnað orkuvers og aðalorkuveitu og aðalorkuveitu við mismunandi aflmikla virkjun í Fjarðará, Grimsá og Lagarfljóti.

STOFNKOSTNAÐUR ORKUVERS MEÐ AÐALORKUVEITU										
Afl	Fjarðarárvirkjun		Grimsárvirkjun		Middlun engin		Lagarfljóti		Lagarf.virkjun	
kW	Middlun $5 \cdot 10^6 m^3$	Middlun $2 \cdot 10^6 m^3$	Middlun $7 \cdot 10^6 m^3$	Middlun engin	$10^6$ kr	kr/kW	$10^6$ kr	kr/kW	$10^6$ kr	kr/kW
3500	39,15	11190	35,45	10110	36,30	10380	33,50	9570	37,00	10570
2400	35,30	14700	31,60	13170	31,75	13220	29,00	12080		
2000	33,90	16950	30,20	15100	30,05	15030	27,30	13650		
1650	32,60	19750	28,90	17500	28,60	17330	25,85	15670		
1350	31,60	23400	27,90	20650	27,40	20300	24,60	18220		
1050	30,50	29000	26,80	25500						
1000					25,90	25900	23,15	23150		

Virkjunaráætlanir hefur Sigurður Thoroddsen, verkfr., gert, en áætlanir um aðalorkuveitu, háspennulínu og spennistöðvar hafa verið gerðar á raforkumálaskrifstofunni.

Yfirlitstöflurnar sýna það, sem raunar er fyrirfram vitað, að virkjanirnar verða því ódýrari að tiltölu því aflmeiri sem þær eru. Varðandi einstök atriði skal þess getið, að inntaksstíflur í Fjarðará og Grímsá eru með kostnaðarsamar og hafa verið gerðar áætlanir um lægri og minni stíflur í báðum ánum, en niðurstöður athugana í því atriði eru þær, að rekstraröryggi sé svo mjög komið undir stífluhæð og stærð á inntakslóni, að hafa beri stíflurnar eins háar og staðhættir leyfa í hvorri ánni sem er. Það er því ekki talið rétt að reikna með því að draga úr virkjunarkostnaði með því að lækka stífluna frá því sem Sigurður Thoroddsen hefur lagt til. Sökum hins tiltölulega mikla stíflukostnaðar var þetta atriði athugað all ítarlega.

Í áætlunum er gert ráð fyrir virkjun Fjarðará með stíflu á Neðra-Stafi og stöðvarhúsi við Fjarðarsel, fallhæð 340 metrar, en virkjun Grímsár með stíflu á fossbrún og stöðvarhúsi og frérennslisgöngum neðanjarðar, fallhæð ca. 27 metrar. Nánari greinagerð fyrir áætlununum í einstökum atriðum er í aðal-skýrslunni. Sjá enn fremur töflur á meðf. teikningum Fnr. 2323 og 2325.

#### VIII. Vathmagn og orkuvinnsla.

◀ Eins og áður er getið, eru bæði Fjarðará og Grímsá dragár. Rennsli þeirra er því mjög misjafnt á ýmsum tímum árs og eftir úrkomu. Rennsli Fjarðará er talið geta í aftaka árum farið niður fyrir 100 l/sek á Neðra-Staf alllangan tíma að vetri eða undir 200 kw á 340 metra falli. Rennsli Grímsár hefur mælst niður í 2400 l/sek í eitt skipti eða um 500 kw

á hinum áætlaða virkjunarstað.

Í Fjarðará er nú fyrir hendi miðlun í Heiðarvatni, sem nemur 2.000.000 m<sup>3</sup> eða 1.200.000 kwst í hinni áætluðu virkjun. Áætlanir hafa verið gerðar um stíflur, sem auka þá miðlun upp í 5.000.000 m<sup>3</sup> eða 3.000.000 kwst. Sennilega er hægt að auka miðlun á Fjarðarheiði fram yfir þetta, en um það eru ekki endanlegar áætlanir fyrir hendi.

Í Grímsá er hægt að gera miðlun í Skriðuvatni í Skriðdal og eru áætlanir fyrir hendi um rúmlega 7.000.000 m<sup>3</sup> miðlun og allt upp í 11.800.000 m<sup>3</sup>. Þótt orkuinnihald þessara miðlunarlóna sé minna en í Fjarðará, nfl. 400.000 og 650.000 kwst, nýtast þau betur vegna þess, að þau eru lægra yfir sjó og fyllast oftar á hverjum vetri, en miðlunarlón upp á Fjarðarheiði.

All ítarlegur samanburður hefur nú verið gerður á orkuvinnslugetu Fjarðarárvirkjunar og Grímsárvirkjunar við mismunandi meðalálag. Strax og meðalálag er komið upp fyrir 500 kw, þarf í hvorri ánni sem er í einstöku árum að grípa til dísilrafstöðva eða annarra hjálparstöðva vegna lágrennslis og því herra sem meðalálagið verður, þess oftar þarf að grípa til þeirra. Í eftirfarandi 3. töflu er sýnt í hve mörgum árum (% af árum) búast þarf við einhverri orkuvinnslu í dísilstöðvum vegna lágrennslis samkvæmt þeim vatnsrennslisathugnum, sem fyrir hendi eru. Við töfluna er þó þá athugasemd að gera, að í Fjarðará mun þurfa að grípa oftar til dísilvéla en taflan sýnir, af varúðarástæðum, vegna þess að í þeirri á er þegar í upphafi byggt nokkuð á miðlun. Fyrirfram er ekki vitað, hvort veturinn muni verða þurr og kaldur eða ekki. Ef þurrviðri og kuldar koma snemma eða fyrir miðjan vetur, þarf að gæta þess að takmarka svo notkun vatns úr miðlunarlóninu, að ekki sé

hætta á, að það tæmist algerlega áður en bloti eða rigningar komi aftur. Er þá um tvennt að velja, að takmarka rafmagnsnotkun á orkuveitusvæðinu að einhverju leyti (t.d. útiloka alla afgangskraftu) eða reka dísilrafstöðina með vatnsaflsstöðinni, til þess að spara vatn. Komi síðan bloti og fylli lónið aftur áður en það hefur tæmist, verður það ljóst, en ekki fyrr en eftir á, að rekstur dísilrafstöðvarinnar ver í rauninni óþarfur,

3. tafla: Hlutfallsleg tala þeirra ára, er hreyfa þarf dísilrafstöð til orkuvinnslu vegna vatnsskorts.

Meðal- álag kw	Orkuv. $10^6$ kwst/ári	Fjarðará, % ára		Grímsá, % ára	
		Miðlun $2 \cdot 10^6 m^3$	Miðlun $5 \cdot 10^6 m^3$	Miðlun engin	Miðlun $7 \cdot 10^6 m^3$
620	5,5	10	0	20	0
750	6,6	20	0	33	0
1000	8,76	30	3	40	6
1200	10,51	42	9	65	15
1400	12,27	53	15	100	19
1800	15,78	80	35	100	60

Með enn meiri miðlun í ánum fækkar þeim árum, er grípa þarf til dísilstöðvar.

Þá hefur verið athugað, hversu mikil orkuvinnsla dísilrafstöðvar þyrfti að vera í þeim árum, sem nota þarf hana vatnsorkuverinu til aðstoðar, samkvæmt vatnsrennslisathugununum. Niðurstöður þeirra athugunar eru settar fram í eftirfarandi 4. töflu, sem sýnir, hve mörg % af hinni árlegu orkuvinnslu má búast við að þurfa að vinna í dísilrafstöð: 1) meðaltal 90% ára, þegar versta ári er sleppt, 2) tíunda lakasta ár og 3) aftaka ár.

## 4. tafla: Díslorkuvinnsla í % af heildarorkuvinnslu.

Væðing kv	Meðaltal 90% ára						10. lakasta árið						Aftaka-ár	
	Fjarðará		Grímsá		Fjarðará		Grímsá		Fjarðará		Grímsá		Fjarðará	Grímsá
	án m.	með m.	án m.	með m.	án m.	með m.	án m.	með m.	án m.	með m.				
620	5,5	0	0	0	0	0	0,9	0	15,0	0	2,2			
750	6,6	0,2	0	0,4	0	5,0	2,3	0	20,5	0	5,4			
1000	8,76	1,2	0	0,7	0	12,6	5,7	0	27,4	6,9	13,7	9,1		
1200	10,51	2,3	0	1,5	0,2	16,2	9,5	4,7	30,0	12,4	20,0	14,7		
1400	12,27	3,6	0,2			18,8	3,7		32,6	17,9				
1450	12,71			3,0	0,4		13,4	7,5		26,8	22,8			
1600	14,01	5,0	0,7	4,4	0,8	21,5	8,0	9,3	35,0	22,5	29,3	24,5		
1800	15,78	6,7	1,3	6,6	1,4	24,1	12,0	11,7	37,4	26,0	31,7	26,0		



Þeir dálkar töflunnar, sem nefndir eru "án miðlunar" í Fjarðará eiga í rauninni við ána með núverandi miðlun,  $2 \cdot 10^6 \text{ m}^3$ .

Á teikningu Fnr. 2322 er hið sama, sem taflan greinir, sett á línurit. Á línuriti á teikn. Fnr. 2327 er sýnt meðaltal allra athugunarára.

#### IX. Nánar um virkjunarstærð.

Hér að framan er frá því greint, að aflþörf orkuveitusvæðisins væri áætlað 2400 kw, ef öll væntanleg fiskfrysting og fiskimjölsvinnsla notar rafmagn frá rafveitunni, auk venjulegrar almennar raforkunotkunar. Í því sambandi er aðgætandi að fullt afl er ekki notað nema þrjátíu stund í senn og það svo, að efstu 100 kílóvöttin eru ekki notuð nema fáeinar klukkustundir á ári hverju. Ef kostnaðarsamt er að virkja, þá getur komið mjög til álita að gera virkjun nokkru minni en mesta aflþörfin er og taka toppana með dísilrafstöð. Því fremur kemur til athugunar að varast að virkja mjög langt fram yfir þarfir í því skyni að meta vaxandi eftirspurn eftir rafafli um margra ára skeið. Eftirfarandi tafla (5. tafla gefur nánari hugmynd um þetta. Hún sýnir, hve mörg % af heildarorkunni þarf að vinna í dísilrafstöð, ef mesta álag á rafveitunni er 2400 kw, heildarorkuvinnslan 10,5 millj. kwst á ári og nýtingartíminn 4380 klst á ári (0,5), en stærð vatnsorkuvers er undir 2400 kw.

5. tafla: Topporka unnin í dísilstöð í % af heildarorkuvinnslu, ef mesta álag er 2400 kw, nýtingartími 4380 klst og vélastærð í vatnsorkuveri undir 2400 kw:

Vélastærð vatnsorkuvers kw	Dísilorku- vinnslan %
2200	0,0
2000	0,6
1800	2,0
1600	5,0
1400	9,6
1200	16,0

Að framan er bent á og færð rök fyrir því, að nokkur tími muni líða frá því hið nýja vatnsorkuver rafveitu Austurlands taki til starfa þar til álagið kemst upp í fulla áætlaða orkuþörf, 2400 kw.

Hér kemur því fullkomlega til athugunar að virkja minna en 2400 kw, ef verulegu munar í stofnkostnaði.

Af 1. og 2. töflu má sjá, hvað sparast í stofnkostnaði við að velja minni virkjunarstærð en 2400 kw. Sparnaður verður eins og segir í eftirfarandi töflu (6. tafla):

6. tafla: Lækkun stofnkostnaðar við smækkun virkjunar úr 2400 kílóvöttum í % af heildarkostnaði virkjunar og veitu án miðlunar.

Stærð virkjunar kw	% af 2400	Lækkun stofnkostnaðar			
		Fjarðará		Grimsá	
		10 <sup>6</sup> kr	%	10 <sup>6</sup> kr	%
2000	83,5	1,4	4,8	1,7	5,9
1650	69	2,7	8,5	3,25	11,2
1350	56	3,7	11,7	4,4	15

Breytilegi kostnaðurinn er þannig í Fjarðará ca. 3700,- kr á hvert kílóvatt, í Grímsá ca. 4400,- kr/kw.

Tölur þessarar töflu sýna, að sparnaður í stofnkostnaði við að lækka afl virkjunarinnar er tiltölulega lítil bæði við Fjarðará og við Grímsá, þegar miðað er við heildarstofnkostnað, en eináangarverð aflsins lækkar all ört með vaxandi stærð virkjunarinnar. Hvað þetta atriði snertir er því ávinn-ingur tiltölulega lítil að því að draga úr virkjunarstærðinni.

Athugað hefur verið, hve mikið það kostar að skipta virkjun í Fjarðará í tvær pípur og tvær vélasamstæður með það fyrir augum að setja í fyrstu ekki nema aðra samstæðuna og komast þannig af með minni stofnkostnað í bili. En kostnaðaraukinn af því að hafa tvær samstæður og tvær pípur er svo mikill, að slík skipting verður að teljast óhagkvæm við virkjun af þessari stærð, 2400 kw.

Í Grímsá er ráðgerð "neðanjarðar" stöð og slíka virkjun er enn síður hægt að auka síðar svo að hagkvæmt geti talizt.

Af 4. töflu yfir vatnsskort ("dísilorkuvinnslu") í % af heildarorkuvinnslu mátti sjá, að í hvorri ánni sem virkjað er, má orkuvinnsla fara upp í 14 milljónir kílóvattstunda á ári án þess að vatnsskortur fari fram úr 5% af heildarvinnslunni, þegar talið er meðaltal 90% ára, þótt ekki hafi verið gerð miðlunarmannvirki. En eftir að miðlunarmannvirki hafa verið gerð, er hægt að fara í 15,8 millj. kwst á ári án þess að dísilorkuvinnslan fari fram úr 1,5% (í 100% ára eru tilsvarendi meðaltölur án miðlunar: Fjarðará ca. 8%, Grímsá ca. 6%; með miðlun: Fjarðará og Grímsá ca 3%). Tæplega er hugsanlegt að ná þeirri orku með betri nýtingartíma en 6000-6500 kwst, en miðað við þá nýtingartíma þarf afl virkjunarinnar að verða 2300-2400 kw.

Af því, sem nú hefur verið sagt, er ljóst, að margt mælir með því, að virkjun handa rafveitu Austurlands í Fjarðará eða í Grímsá sé eigi höfð minni að afli til en 2300-2400 kw eða ca 3500 hð.

#### X. Virkjun Lagarfoss.

Við virkjun Lagarfoss kemur ekki til greina að reisa aflminna orkuver en Sigurður Thoroddsen gerir ráð fyrir í áætlun sinni, 3500 kw. Slík virkjun notar þó ekki meira vatn en sem svarar minnsta rennsli Lagarfljóts og þarf því ekki að reikna með neinum vatnsskorti, hversu háa nýtingu véla og mikla orkuvinnslu sem um er að ræða. Með 6000 klukkustunda nýtingartíma er árleg orkuvinnsla 21 milljón kílóvattstundir. Fyrir svo mikla orkuver ekki sjáanlegt að fáist markaður á orkuveitusvæði rafveitu Austurlands í náinni framtíð, nema með því að selja verulegan hluta hennar lágu verði til hitunar. Latur nærri að gera ráð fyrir, að 2/3 hlutar orkunnar yrðu að seljast þannig.

Úr Fjarðará eða Grímsá má með lítilsháttar aðstoð dísilstöðvar fá um 12 milljónir kílóvattstunda og jafnvel nokkru meir en það. Mismunurinn á orkuvinnslu Lagarfossvirkjunar og þeirra er þá kringum 9 millj. kwst á ári. Stofnkostnaðarmunur er samkvæmt áætlun 8 millj. krónur. Árlegur kostnaður er varla undir 11% af stofnkostnaði eða 880.000,- kr. Kostnaðarverð hvernar kílóvattstundar í mismuninum er þá um 10 aurar í aðal-spennistöð. Þetta tel ég vera of hátt heildsöluverð á raforku til hífylahitunar, þegar aðgætt er, að ofan á það leggst kostnaður allur af dreifingu orkunnar innan bæja og sveita. Nákvæm-

ir reikningar á þeim kostnaði, að því er hitunarorku snertir, eru ekki fyrir hendi. Algengast er nú, að meðalverð á raforku í smásölu sé meir en tvöfalt heildsöluverð. Þetta hlutfell mun þó verða nokkuð annað við rafveitu Austfjarða, til að byrja með að minnst, kosti, og auk þess mun megi reikna með því, að dreifingarkostnaður hitunarrafmagns verði minni en á rafmagni til ýmsra annarra nota. Enda þótt tekið sé tillit til þessa, tel ég kostnaðarverð raforku frá rafveitu um Austurland frá Lagarfossvirkjun vera of hátt, til þess á ég geti mælt með því, að lagt verði út í þá virkjun með það fyrir augum að byggja rekstursafkomu hennar að verulegu leyti á sölu rafmagns til húshitunar. Eg tel, að með því væri lagt út í verulega meiri fjárhagslega áhættu en við virkjun Grímsár, enda þótt framkvæmd Lagarfossvirkjunarinnar standist áætlun um kostnað. En þar við bætist, að virkjun Lagarfoss er til muna meiri og áhættusamari framkvæmd og að mínum dómi orkar jafnvel tvímalis, hvort hún er teknískt réttlætunleg með þeirri tilhögun, sem áætlunin gerir ráð fyrir.

#### XI. Um notkun rafmagns til húshitunar.

Hér á landi hefur til þessa rafmagn verið notað til húshitunar aðeins að svo miklu leyti sem "afgangsorke" var fyrir hendi í sambandi við beina almenna rafmagnsnotkun. Einkum hefur verið um svonefnda natúrhitun að ræða og jafnan hefur verið gert að skilyrði, að rafmagnshitun væri tekið út á tíma mesta álags.

Nýtingartími almennrar rafmagnsnotkunar, þegar engin húshitun er með, er nálægt 2700 klukkustundir á ári. Ef selt er til viðbótar til húshitunar afgangsráfagn, til þess að jafna notkunina, en þess gættu að fá ekki hitunina með í mesta álagi, má telja, að nýtingin geti komist upp í 5000-5500 klukkustundir á ári, þ.e.a.s. það er hægt að selja álíka mikla raforku til hitunar eins og selst til allrar annarar rafmagnsnotkunar til almenningsþarfa. Tekjur rafveitunnar af raforkusölu skiptist þó þannig, að af þeim helmingi orkunnar, sem fer í annað en hitun fást 75-80% af tekjunum, en hitunarhelmingurinn gefur aðeins 20-25% tekanna.

Sé nú gert ráð fyrir, að álag rafveitu Austurlands komist upp í 2400 kw og nýtingin komist upp í 5500 klst, þannig að orkuvinnsla verði 13,2 milljónir kwst, þá fara samkvæmt áætlun

6,6 millj. kwst í almenna notkun og fiskiðnað og annað eins til húshitunar. Þegar orkuvinnsla er orðin svo mikil þarf, hvort heldur Fjarðará eða Grímsá er virkjuð, í flestum árum að vinna nokkra orku til uppbótar með dísilvélum eða öðrum hjálparstöðvum. Virkjun í Fjarðará mundi án viðbótarmiðlunar þurfa um það bil 4,5% eða um 600.000 kilóvattstundir til uppbótar, ef tekið er meðaltal 90% ára; en virkjun í Grímsá um það bil 3½% eða um 460.000 kwst. Eftir að miðlun væri gerð í hvorri ánni sem er, lækkar þörfin á uppbótarorkunni niður í ca ½% eða kringum 70.000 kwst.

Þótt þannig sé hægt að fá við þessar virkjanir eins háa orkuvinnslu og tíðkast víðast hvar við vatnsaflsrafveitur hér á landi, er að sjálfsögðu ekki hægt að taka á þær húshitun sem neinu nemur. Hér að framan var afgangorkuþörf Austfjarðasvæðisins áætluð 35 millj. kwst og þótt orkuvinnsla fari upp í 13,2 millj. kwst og helmingur þess teljist sem afgangorka, væri það ekki nema tæplega 1/5 hluti þeirrar orkuþarfar.

